

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Ársskýrsla 2022

INNGANGUR

Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands fyrir almanaksárið 2022 er frábrugðin öðrum skýrslum úr skólstarfinu þar sem í henni er til umfjöllunar tvær námsannir á sitthvoru skólaárinu auk sumarannar fjarnáms. Í ársskýrslunni verður farið yfir starfsemi skólans á árinu 2022 en auk þess verður vísað í aðrar skýrslur skólans varðandi einstaka málefni. Ársskýrsla þessi gefur lesendum gróft yfirlit yfir starfsemi skólans og þá skólaþróun sem á sér stað. Einnig er fjallað sérstaklega um framkvæmdir á húsnæði skólans í þessari skýrslu.

REKSTRARFORM SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir [skipulagsskrá](#) fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir m.a.: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi kennslu á framhaldsskólastigi. Gildandi [þjónustusamningur](#) var undirritaður í desember árið 2012 og hefur síðan verið framlengdur sex sinnum. Samtal stendur yfir við mennta- og barnamálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning sem væri þá heildarsamningur milli aðila og tæki við af núverandi þjónustusamningi og [skólasamningi](#) sem gerður var upphaflega árið 2013 milli skólans og ráðuneytis mennta- og barnamála.

Skólinn hlaut í júlí 2022 [viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi](#) til þriggja ára en samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Bakhjarlar skólans eru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Bakhjarlarnir skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.

FULLTRÚARÁÐ SKÓLANS

- Ásdís Kristjánsdóttir
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Ingunn Agnes Kro, formaður
- Jóhannes Stefánsson
- Margrét Sanders
- Steinn Logi Björnsson
- Svanhildur Hólm Valsdóttir

SKÓLANEFND SKÓLANS

- Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
- Andri Þór Guðmundsson
- Benedikt Gíslason
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir
- Ásta Henriksen þróunarstjóri og enskukennari situr í skólanefnd sem áheyrnarfulltrúi kennara.

HÚSNÆÐI SKÓLANS

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m². Í skólahúsnæðinu eru 44 kennslustofur (51 til 70 m² að stærð). Skólinn er bekkjaskóli og hefur hver bekkur sína heimastofu. Einnig eru 2 tölvustofur (28 tölvur í hverri), 2 tölvuver (15 tölvur í hverju), íþróttahús, jógasalur og salur með þrekkækjum. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, 350 m², og að auki lessalur. Þá eru raungreinastofur í skólanum, ein sérútbúin fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og þriðja fyrir eðlisfræði. Einnig er FabLab- og hönnunarstofa með þrívíddarprentara, vínylskera og leiserskera. Einnig eru þar saumavélar fyrir fatahönnunaráfanga og myndlistarstofa. Í skólanum er lyfta og aðgengi fyrir hjólastóla er mjög gott. Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að endurnýja húsgögn og bæta aðstöðu í skólanum í samræmi við fjölbreytilega kennsluhætti og annað þróunarstarf innan skólans.




Undirbúningsvinna fór af stað árið 2021 vegna fyrirhugaðra endurbóta á ytra byrði húsnæðisins. Arkitektastofan Yrki annaðist hönnun og gerð útboðsgagna. Verkefnið felst í að skipta um alla glugga í eldri byggingu skólans og endursteina húsið sjálft. Einnig er stefnt að því að

endurgera lóð skólans að hluta, koma fyrir hjólaskýli, auka aðgengi fatlaðra og búa til útisvæði sem nýtist nemendum og starfsfólki skólans.

Haustið 2022 hófust framkvæmdir. Gengið var til samninga við verktakann OG synir. Stefnt er að því að þeim hluta verksins sem snýr að gluggaskiptum, steiningu og endurgerð innganga verði lokið haustið 2023. Þessar breytingar færa Verzlunarskólanum nýja ásynd og meira flæði og tenging myndast við viðbyggingu skólans.





Starfsmenn skólans á launaskrá árið 2022 voru alls 119. Kynjahlutföll, ef horft er til allra starfsmanna á launaskrá, eru 80% konur og 20% karlar. Kennarar voru 82 og kynjahlutföll í þeim hópi eru 68% konur og 32% karlar. Í nemendabjónustu skólans starfa 4, þrjár náms- og starfsráðgjafar og einn sálfræðingur. Sextán eru á launaskrá sem starfsmenn í mötuneyti, umsjón húsnæðis og ræstingum. Þrjár starfsmenn eru á bókasafni og tveir aðilar sjá um tölvukerfi og notendabjónustu í skólanum. Þá eru þrjár starfsmenn á skrifstofu.

STJÓRNENDATEYMI SKÓLANS

- Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri
- Þorkell H. Diego aðstoðarskólastjóri
- Gylfi Hafsteinsson kennslustjóri staðnáms
- Sigurlaug Kristmannsdóttir kennslustjóri fjarnáms

BRAUTSKRÁNING

Vorið 2022 brautskráðust 333 stúdentar frá Verzlunarskóla Íslands. Árgangurinn sem kvaddi skólann er sá árgangur sem varð fyrir áhrifum sóttvarnaaðgerða öll þrjú skólaárin sín. Nemendum var sérstaklega hrósað fyrir dugnað og elju á erfiðum tímum.


Að venju var úthlutað úr VÍ 100 sjóðnum en hann var stofnaður í tilefni 100 ára afmæli skólans. Fyrirverandi nemendur skólans lögðu fé í sjóðinn og í skipulagsskrá hans segir m.a. að árlega skuli hann styrkja valda nemendur með fjárframlagi, þegar þeir flytjast á milli bekkja eða ljúka stúdentsprófi. Skal við það miðað að styrkþegar hafi sýnt afburða námsárangur eða lagt verulega af mörkum til skólastarfsins á annan hátt.

Dúx skólans var Helgi Hrannar Briem og semidúx var Ómar Ingi Halldórsson. Hlutu þeir námsstyrk úr sjóðnum ásamt þeim nemendum sem fengu 9,5 eða hærra á stúdentsprófi. Einnig hlutu nemendur sem hæstir voru eftir 1. ár og 2. ár námsstyrk úr sjóðnum.




INNTRITUN

Haustið 2022 var fjöldi umsókna í skólann 747 en af þeim voru 569 umsóknir með Verzlunarskólann sem val 1. Innritaðir voru 367 nemendur frá 60 grunnskólum.




Hér má sjá hlutfall innritaðra á brautir og línur í samanburði við umsóknir í skólann sem val 1.

Verzlunarskólinn innritaði fyrst eftir nýjum innritunarreglum sem tóku til kynjakvóta haustið 2021. Haustið 2022 voru sömu viðmið notuð og fór fjöldi innritaðra af einu kyni ekki yfir 60%. Hér má sjá mynd sem sýnir kynjahlutföll nýnema eftir brautum og línum. Athugið að þarna er einungis talað um tvö kyn til einföldunar.



Nemendahópurinn sem hóf nám haustið 2022 var mjög sterkur ef horft er til námsmats nemenda úr grunnskóla. 63 nemendur innrituðust í skólann með A í öllum greinum og 74% nýnema var með 23 stig eða hærra. Þetta hlutfall er sambærilegt og haustið 2021.

Nánar er hægt að lesa um innritunarviðmið skólans og hvernig stigafjöldi er reiknaður út á heimasíðu skólans.



Stigafjöldi nýnema haustið 2022

Nemendafjöldi skólans haustið 2022 var 1041 einstaklingur. Á alþjóðabraut voru 73 nemendur, 75 á nýsköpunar- og listabraut, 455 á viðskiptabraut og 438 á náttúrufræðibraut. Fjölda nemenda í fjarnámi er getið um í sér kafla hér á eftir.



Félagslíf nemenda var blómlegt á árinu eins og venja er. Fjöldi nefnda og klúbba sem starfa innan nemendafélagsins skiptir tugum og árlega bætast nýir hópar við. Fastir viðburðir nemenda eins og leikrit listafélagsins, Gettu betur og Morfís, íþróttavika, Nemendamót, útgáfa Verzlunarskólablaðsins, söngvakeppnin Vælið og böllin voru á sínum stað. Nemendur skólans eiga hrós skilið fyrir dugnað sinn í því að skipuleggja viðburði fyrir samnemendur sína. Ný stjórn er ávallt kjörin í lok skólaársins fyrir komandi skólaár og eru það nemendur á 2. ári sem bjóða sig fram til stjórnarsetu. Við styttingu framhaldsskólans í þrjú ár hefur nemendum á fyrsta ári fjölgað til muna sem taka þátt í félagslífinu í gegnum nefndarstörf. Sú regla var tekin upp við styttinguna að á hverju hausti eru viðtöl í nefndir fyrir nýnema og er frátekið pláss handa þeim í öllum stjórnarnefndum NFVÍ.

NÁMSFRAMBOÐ SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Verzlunarskólinn er menntaskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi og er opinn nemendum alls staðar að af landinu. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi námsbrauta, sem leiða til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið hvort heldur sem er í dagskóla eða fjarnámi.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Frá hausti 2019 hefur nemendum boðist að velja um 4 brautir sem sumar skiptast í ólíkar línur. Það eru alþjóðabraut, nýsköpunar- og listabraut, náttúrufræðibraut líffræðilína,

náttúrufræðibraut eðlisfræðilína, viðskiptabraut starfræn viðskiptalína, viðskiptabraut hagfræðilína og viðskiptabraut viðskiptalína.

FORELDRASAMSTARF

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Markmið félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna barna í skólanum. Einnig er markmið félagsins að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra og forráðamanna sem hagsmunahóp um bættan hag og stöðu skólans. Allir foreldrar og forráðamenn barna í skólanum eru meðlimir í foreldrafélaginu. Árlega stendur félagið fyrir fræðslufundum fyrir foreldra. Þá koma foreldrar að gæslu fyrir utan böll nemendafélagsins og gefa vinninga í edrúpott. Þá hafa skólanum borist reglulega góðar gjafir frá félaginu. Árið 2022 færði foreldrafélagið skólanum skemmtileg taflborð sem komið var fyrir á göngum skólans, nemendum til mikillar ánægju.



FJARNÁM VERZLUNARSKÓLANS

VORÖNN 2022

Á vorönn 2022 voru 105 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2021 voru alls 108. Fjarkennarar á vorönn 2022 voru 50 og þar af einn sem ekki hafði kennt áður. Á vorönn 2022 voru 519 nemendur skráðir í fjarnám og þeir voru skráðir í 4316 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3159 einingar en það voru 73,2% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2021 skiluðu 76,6% eininga sér til prófs. Ársnemendur í námi á vorönn 2021 voru 71,9 og til prófs skiluðu sér 52,7. Sambærilegar tölur fyrir vorönn 2021 eru 72,8 og 55,7 ársnemendur. Sjá töflu 1.

SUMARÖNN 2022

Á sumarönn 2022 voru 87 áfangar kenndir. Áfangar á sumarönn 2021 voru 101. Fjarkennarar á sumarönn voru 40, allt þaulreyndir fjarkennarar. Á sumarönn 2022 voru 624 nemendur skráðir í fjarnám og þeir voru skráðir í 5552 framhaldsskólaeiningar. Til lokaprófs skiluðu sér 3785 einingar. en það gera 68,17% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2021 skiluðu 63,3% eininga sér til prófs. Ársnemendur í námi á sumarönn 2022 voru 92,5 og til prófs skiluðu sér 63,1 ársnemendur. Sambærilegar tölur fyrir sumarönn 2021 voru 105,0 og 66,4 ársnemendur. Sjá töflu 1.

HAUSTÖNN 2022

Á haustönn 2022 voru 97 áfangi kenndur, en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2021 voru 103. Fjarkennarar voru 47, þar af einn sem ekki hafði kennt áður og einn sem kom aftur í hópinn eftir hlé. Á haustönn 2022 voru 337 nemendur skráðir í fjarnám og þeir voru skráðir í 2885 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2148 einingar en það voru 74,5% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2021 skiluðu 67,8% eininga sér til prófs. Ársnemendur í námi á haustönn 2022 voru 48,1 og til prófs skiluðu sér 35,8. Sambærilegar tölur fyrir haustönn 2021 voru 65,9 og 44,7 ársnemendur. Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands árið 2022 eru 212,6 þegar skráðar einingar eru taldar, en 151,53 þegar litið er til þreyttra eininga. Mæting í próf á þessu tímabili er rúmlega 72%. Fjarnám skólans er því eins og framhaldsskóli með 212 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við rúmlega 72% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

Önn_fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
V22	519	8,32	4316	3159	71,93	52,65	73,19
S22	624	8,90	5552	3785	92,53	63,08	68,17
H22	337	8,54	2885	2148	48,08	35,8	74,45
Alls fjarnám 22	1480	8,58	12753	9092,0	212,55	151,53	72,25

Fjarnemendur VÍ árið 2022, tölur úr gagnagrunni INNU.

FAGNÁM VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólaeiningar. Á vorönn 2022 voru 41 nemendur við nám í tveimur lotum á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 415 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,1 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 380 einingum. Alls voru 6,92 ársnemendur skráðir til náms þessa önnina og 6,33 ársnemendur luku áföngum. Luku þessir nemendur við 91,57% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Á sumarönn 2022 var ekki boðið upp á áfanga fyrir nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu. Reynslan frá árinu á undan sýndi okkur að nemendur þurftu þann tíma til að taka sér frí frá náminu. Á haustönn 2022 voru loturnar að venju tvær. Alls voru 44 nemendur samtals við nám á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 466 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,6 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 329 einingum. Þessa önnina voru 7,77 ársnemendur skráðir til náms og 5,48 ársnemendur luku áföngum. Fagnámsnemendur vorannar luku við 70,60% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.

Önn_fagnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V22	41	10,1	415	380	6,92	6,33	91,57
H22	44	10,6	466	329	7,77	5,48	70,60
Alls	85	10,4	881	709	14,68	11,82	81,08

Nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 2 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fagnámi verslunar og þjónustu er tæplega 14,7 þegar skráðar einingar eru taldar, en 11,8 þegar litið er til þreyttra eininga. Rúmlega 81% skráðra eininga lýkur með þreyttum einingum.

Í lok haustannar 2022 útskrifuðust fimm nemendur með fagbréf í verslun og þjónustu og einn til viðbótar með stúdentspróf, sá síðast taldi kaus að bíða með fagbréfsútskrift. Þrír nemendur fengu fagbréfið í lok vorannar 2022 og þar af 2 með stúdentspróf. Alls hafa því sautján nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu og fimm með stúdentspróf.

FJÖLDI ÁRSNEMENDA ÁRIÐ 2022

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði árið 2022, kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru rúmlega 227. Þreyttar einingar gáfu rúmlega 163 ársnemendur sem gera að meðaltali tæplega 72% mætingu í próf þessar annir. Sjá nánar í töflu 3.

Önn_fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V22	560	8,45	4731	3539	78,85	58,98	74,80
S22	624	8,90	5552	3785	92,53	63,08	68,17
H22	381	8,80	3351	2477	55,85	41,28	73,92
Alls	1565	8,71	13634	9801	227,23	163,35	71,89

Fjöldi ársnemenda í fjarnámi árið 2022.

GÆÐAMÁL FJARNÁMS

Gæðateymi skólans ákvað í byrjun árs 2022 að kominn væri tími til að vinna með gæðamál fjarnámsins. Í stað þess að gera könnun á meðal fjarnemenda um gæði fjarnámsáfangana, var ákveðið að gera gátlista fyrir fjarkennara sem þeir gætu nýtt til að meta áfangana sína. Markmiðið með því var að með þessu fengju fjarkennarar tæki til að íhuga framsetningu áfanga sinna og um leið tækifæri til að gera þá betri. Gátlistinn varð til út frá þeirri vinnu sem fjarkennarar hafa lagt í gæðamál á liðnum árum. Viku eftir að kennarar fengu gátlistann, voru þeir beðnir um að svara könnun um hvernig áfangar þeirra komu út miðað við gátlistann. Gæðastjóri tók síðan saman skýrslu um niðurstöður þessara könnunar. Í framhaldinu voru

síðan fagstjórar beðnir um að fara vel yfir áfangalýsingar og innihald fjarnámsáfanganga og bera þá saman við sömu áfanga dagskólans, því mikilvægt er að þessir áfangar séu sambærilegir að gæðum bæði hvað varðar efnisinnihald og verkefni. Kennslustjóri fjarnáms fékk síðan umfjöllun fagstjóra í hendurnar og í flestum tilfellum samsvöruðu fjarnámsáfangar vel áföngum dagskólans. Í einstaka áföngum þurfti úrbætur og stendur sú vinna yfir þegar þetta er skrifað.

GÆÐASTAÐALL FJARNÁMS

Í tengslum við vinnu um gæðamál fjarnáms var ákveðið að gera gæðastaðal fyrir fjarnámsáfanganga. Rætt var um hvaða atriði ætti að nefna í þessum gæðastaðli og hversu ítarlegur hann ætti að vera. Var ákveðið að gæðastaðallinn þyrfti að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessum málum og þar hefur meðal annars þetta komið fram:

- Stefnuþróunarhópur um fjarnám, 2006-7: Sömu kröfur eiga að gilda í sömu áföngum dagskóla og fjarnáms, námsefni á að taka mið af námsefni dagskóla og lokanámsmat á að vera sambærilegt. Í þessari vinnu var mesta áhersla lögð á skipulag fjarnámsáfanganga og samskipti kennara og nemenda.
- Jafningjamat sem unnið var á vorönn 2008 en þá heimsóttu kennarar áfanga hvers annars.
- *Blásið til sóknar* á vorönn 2020, en þar voru vinnustofur þar sem kennarar sýndu fjarnámsáfanganga sína, hópavinna um hvaða þættir einkenndu góðan fjarnámsáfanganga og hvaða tæki og tól kennarar þyrftu til að koma námsefni á rafrænt form.
- *Fjarkennsla til framtíðar* á vorönn 2022 þar sem gæðamál fjarnámsins voru til skoðunar.

Á haustönn 2022 komu fyrstu drög gæðastaðals fjarnámsins út og jafnframt var gefin út [Gæðahandbók fjarnáms](#).

FJARKENNSLA TIL FRAMTÍÐAR

Í framaldi af vinnu gæðateymis um gæðamál fjarnáms, var ákveðið að fjalla um viðfangsefnið á kennarafundi um skólaþróun. Fundurinn var haldinn þann 23. febrúar 2022 og var yfirskrift fundarins „Fjarkennsla til framtíðar“.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- Sigurlaug Kristmannsdóttir: Gæðastaðall fyrir fjarnámið.
- Ásta Henriksen: Moodle vs. Inna.
- Gylfi Hafsteinsson: Turnitin, verkfæri sem nýtist bæði kennurum og nemendum.
- Þórhalla Arnardóttir: Matskvarðar (Rubrics) og Turnitin.
- Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir: Matskvarðar (Rubrics) og Moodle.
- Ármann Halldórsson og Helga Benediktsdóttir: Heimsókn í Moodle áfanga.
- Ingibjörg S. Helgadóttir: Könnun meðal fjarnámshennara, niðurstöður.

Í framhaldinu af þessum fundi tók Þórhalla Arnardóttir að sér að halda námskeið um matskvarða í INNU og Moodle. Námskeiðið fór fram þann 8. mars og var aðsókn nokkuð góð.

NEMENDAPJÓNUSTA

Í nemendapjónustunni starfa þrír náms- og starfsráðgjafar í þremur stöðugildum en aukið var við starfshlutfallið í deildinni haustið 2022. Haustið 2020 bættist við deildina góður liðsauki þegar til starfa kom sálfræðingur við skólann í 50% starf en haustið 2022 var einnig aukið við starfshlutfall sálfræðingsins og er hún í 80% stafi. Skólinn hefur því aukið verulega við nemendapjónustu skólans sem hefur reynst vel og gefið deildinni tækifæri til að sinna fleiri aðkallandi störfum. Veturinn 2022 var einn náms- og starfsráðgjafi í 80% vegna sérverkefnis en snýr aftur í 100% starf frá og með hausti 2023. Náms- og starfsráðgjafar eru hagsmunaaðilar nemenda og talsmenn innan skólans.

Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngunum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur, sálfræðing skólans og kennara/sérkennara sem heldur utan um erlenda nemendur er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar. Nemendapjónustan situr vikulega fundi með samráðsteymi sem saman stendur af deildinni og Guðrúnu Ingu skólastjóra, Þorkeli



aðstoðarskólastjóra og Gylfa kennslustjóra. Einnig situr deildarstjóri nemendapjónustunnar vikulega fundi með skólastjórnendum og deildarstjórum annarra stoðeilda. Eftirlit með mætingum nemenda eru á höndum skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa og eru skoðaðar á 3ja vikna fresti.

Náms- og starfsráðgjafar eru tilvísunaraðilar á sálfræðinginn sem býður nemendum skólans upp á greiningar og stuðningsviðtöl. Ef meðferðar er þörf vísar sálfræðingur nemendum í önnur úrræði.

Áfram var unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum og var farið inn í alla bekki á 1., 2. og 3ja ári með hópeflisleiki og bekkjarvinnu. Umsjónarkennarar voru með að þessu sinni sem var skemmtilegt. Þetta er vinna sem Nemendapjónustan hefur hug á að gera að föstum liði á hverju hausti þar sem reynsla sýndi að nauðsynlegt er að hrista nemendur vel saman strax í upphafi skólaárs. Til viðbótar við þessar heimsóknir eru starfsmenn Nemendapjónustunnar hluti af lífsleikniteymi annars árs og fara vikulega í tíma í bekkina með bekkjarvinnu og umræðutíma sem varða það að setja mörk í samskiptum kynjanna.

Námsráðgjafar áttu líka í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir voru ekki að blandast vel og var reynt að grípa inn í með allskonar hópeflisvinnu.

Mál sem tengjast kynferðislegri áreitni er málaflokkur sem deildin finnur aukin þunga í og hafa slík mál komið upp á borð og verið unnin í samvinnu við skólastjórnendur og fagaðila úti í bæ.



Annað sem fellur undir deildina og var hluti af starfi starfsmanna árið 2022 var m.a. prófkvíðanámskeið, ráðgjöf við nemendur í NGK bekk og undirbúningur útskriftar sem og kynningamál.



Náms- og starfsráðgjafar sáu um skólakynningar til 10. bekkinga og undirbyggju Opið hús m.t.t. þeirra samkomutakmarkana sem voru í mars 2022. Grunnskólanemendum var boðið í heimsókn og þurftu þeir að skrá sig fyrir fram og farið var með litla hópa í „lestum“ um húsið ásamt því að skólastjórnendur kynntu skólann í Bláa sal. Nemendafélagið var

einnig í húsi og kynnti sitt frábæra starf og sýndu brot úr nemendasýningu í íþróttahúsinu sem þá var orðið að leikhúsi.

SKÓLAÞRÓUN

Skólaþróun er stór partur af starfi skólans. Haustið 2021, þegar nýtt skipurit var kynnt fékk skólaþróun aukið vægi í starfsemi skólans. Þrjú kennarar við skólann starfa í 25% starfshlutfalli hver sem þróunarstjóri. Hlutverk þróunarstjóra er að hvetja til og leiða skólaþróunarverkefni.

Haustið 2022 var tveimur skólaþróunarverkefnum hleypt af stokkunum undir yfirskriftinni samvinna og sjálfræði. Hugmyndafræðin að baki verkefnanna var m.a. sótt í aðalnámskrá framhaldsskóla, stefnu Verzlunarskólans, skólaþing og nýlegar íslenskar og erlendar menntarannsóknir. Markmiðið var að í þessum verkefnum myndu nemendur þjálfast í hæfni sem talin er mikilvæg fyrir störf þeirra í framtíðinni, til dæmis að sýna frumkvæði, leita lausna og vinna með öðrum.



Allir nemendur á fyrsta ári tóku þátt í samþættingarverkefni dönsku, ensku, hagfræði, íslensku og tölvunotkunar. Unnið var með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með því markmiði að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins. Á sama tíma fékk skólinn vottun sem UNESCO skóli.

Nemendur unnu í teyimum og fengu þeir tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn því þeir stýrðu því sjálfir í hvaða átt þeir færu með verkefnið og hver útkoman yrði. Útkoman var fjölbreytt og m.a. settu nemendur sig í samband við barna- og menntamálaráðherra sem gaf sér tíma, ásamt fríðu föruneyti, til að heimsækja skólann, ræða við nemendur og veita þeim viðtöl. Auk þess var foreldrum/forráðamönnum boðið í heimsókn til að fylgjast með vinnu nemenda og sýndu þeir verkefninu mikinn áhuga. Um það bil þriðjungur kennara skólans tók þátt í verkefninu sem krafðist mikillar samvinnu þvert á fög.





Nemendur á örðu ári, á alþjóðabraut, unnu einnig samþættingarverkefni. Fögin sem tvinnuðust saman voru enska, saga, spænska og stærðfræði. Nemendur stofnuðu góðgerðarfélög og söfnuðu peningum sem nýttir voru til að styrkja ýmiss góð málefni.

Fyrirhugað er að halda áfram með sambærileg þróunarverkefni á næsta skólaári auk þess sem nemendur á þriðja ári nýsköpunar- og listabrautar munu taka þátt í samþættingarverkefni fimm faga.



Skólaþróun starfsmanna var sinnt á árinu og einn liður í þeirri skólaþróun voru menntabúðir með nágrönnum okkar í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Búðirnar byrjuðu í húsakynnum Verzló þar sem starfsmenn í sambærilegum störfum funduðu og báru saman bækur sínar. Seinni hluti dagsins fór fram í MH en þar kynntu kennarar beggja skólanna nýjungar í sinni kennslu.

GÆÐAMÁL

Við skólann starfar gæðateymi sem skipað er 7 starfsmönnum. Verkefnastjóri gæðamála stýrir vinnu teymisins og kemur hann úr röðum kennara. Gæðateymið hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innan sem utan skólans, vinnur úr niðurstöðum þeirra og kemur með hugmyndir til úrbóta. Gæðateymið setur umbótaáætlun sína upp í mælaborði BravoLesson sem auðveldar að fylgjast með framvindu verkefna. [Sjálfsmatsskýrsla](#) skólans gerir ítarlega grein fyrir störfum gæðateymisins.

UMHVERFISMÁL

Umhverfisdagur skólans var haldinn 8. mars og var dagurinn helgaður sjálfbærni og loftlagsmálum. Það var umhverfisnefnd nemenda sem stóð að deginum með ýmsum uppákomum eins og fataskiptamarkaði, kökusölu en andvirði hvernar seldra kökusneiðar var gróðursett eitt tré í samstarfi við Kolvið. Þá hafði umhverfisnefnd kannað flokkun á rusli í skólanum og kynnti niðurstöður sínar á deginum og tillögur til úrbóta kynntar. Verzlunarskólinn er grænfánaskóli og tók skólinn við fánanum í þriðja sinn í maí 2022. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning á góðum árangri í umhverfismálum.



ALÞJÓÐASAMSKIPTI

Alþjóðastarfið í skólanum var blómlegt árið 2022 og einkennist af því að unnið var að nýju jafnvægi eftir gifurlegt álag sem fylgdi því að loka öllum verkefnum sem hafði verið frestað vegna faraldursins. Ánægjulegt er að það tókst að klára öll verkefni sem hafði verið frestað og skila því sem umsóknir kváðu á um. Enn eru tvö verkefni sem var frestað vegna faraldursins á lokametrunum. Bryddað hefur verið upp á einhverjum nýjungum en starfið þó að mestu í nokkuð hefðbundnum farvegi.

NEMENDASKIPTAVERKEFNI OG NEMENDAFERÐIR

Stærstur hluti starfsins er nú undir merkjum Erasmus+ aðildar skólans, en það þýðir að unnið er með einn stóran styrk og útteiling og notkun þess fjár í höndum verkefnastjóra, miðað við forsendur umsóknarinnar, í stað þess að hvert verkefni sé með sjálfstæða fjárhagsáætlun. Þetta gefur aukinn sveigjanleika, en felur líka í sér að mikilvægi þess að mynda góð sambönd við skóla í Evrópu og ákveðna hugkvæmni við útfærslu verkefna. Stefnan hefur verið tekin á að í tengslum við aðildina verði helstu starfspættir í nemendaverkefnum:

- eitt stórt alþjóðaverkefni sem alþjóðabraut tekur þátt í á öðru ári
- ferð alþjóðabrautar á þriðja ári til Brussel
- styrkt verkefni fyrir þriðju mál
- minni nemendaskiptaverkefni, skammtímaskipti o.s.frv. eftir því sem tækifæri gefst

Árið 2022 vann alþjóðabekkurinn á öðru ári verkefni með skólum í Tolmin í Slóveníu og Gaia í Portúgal. Þema verkefnisins voru menningarverðmæti, unnin verkefni um málshætti og orðtök, þjóðsagnapersónur og þælt í heimsminjaskrá UNESCO. Verkefnið felst í þremur fundum yfir eitt skólaár. Kennarar sem tóku þátt voru Óli Njáll Ingólfsson, Ingunn Björk Arnardóttir, Hanna Lilja Jóhannsdóttir og Rut Thorlacius Guðnadóttir.



Spænskudeildin fór vel heppnaða Erasmus-styrkta ferð til Tarragonna, og tók að auki á móti nemendum þaðan í september, kennarar í þessu verkefni voru Hilda Torres og Sigrún Björk Friðriksdóttir. Að auki er spænskudeildin með stærra verkefni í startholunum, EUROPODs, en í tengslum við það fór Hilda Torres á undirbúningsfund í Sikiley í október og farið verður með nemendum til Dinan í Frakklandi í mars 2023.



Frönskunemendur fóru í vel heppnaða ferð til Parísar þar sem þau unnu verkefni með nemendum í framhaldsskólanum Albert de Mun, en það er skóli sem Versló hefur unnið með áður, en nemendur gistu á gistiheimili og ekki er um nemendaskiptaverkefni að ræða. Með í þeirri ferð voru Sigrún Halla Halldórsdóttir og Sóley Þórarinsdóttir.

Ein nýjung í alþjóðastarfinu eru skammtímaskipti en undir þeim merkjum heimsóttu tvær stúlkur á öðru ári framhaldsskóla í Vín og dvöldu á heimilum þar. Eftir er að meta hvernig til tókst en líklegt að þetta geti orðið skemmtileg viðbót við starfið á næstu árum.

Nokkuð annasamt var í lokatörn DCES verkefnisins en nemendur í 3-A fóru til Grikklands í september, Slóvakíu í nóvember og fara til Svíþjóðar í mars 2023. Kennarar í þessum ferðum voru Hanna Lilja Jóhannsdóttir, Sigrún Björk Friðriksdóttir, Ingunn Björk Arnardóttir og Hallur Örn Stefánsson. Þessu verkefni fylgir nokkuð umstang, gerðar kannanir og verkefni fyrir og eftir fundi og er síðasta verkefnið af eldri gerð Erasmus-verkefna sem var frestað vegna Covid, og verður það nokkur léttir að loka því.

Einungis var eitt styrkt Nordplus verkefni í gangi þetta árið, sem fjallaði um grænar lausnir í



viðskiptalífinu en þetta er verkefni sem hefur verið í gangi um árabil í samstarfi við einn skóla í Stokkhólmi og tvo í Helsinki. Þátttakendur eru átta nemendur af viðskiptabraut á öðru ári og kennararnir sem unnu með þeim voru Rebekka Árnadóttir og Elísabet Halldórsdóttir.

Skólinn tók þátt í einu verkefni sem var styrkt af Noregs, Íslands og Lichtenstein sjóðnum, með skóla í Ostrava í Tékklandi.

STARFSSKYGGINGAR

Heimsóknir kennara víða að úr Evrópu í starfsskyggingu (job-shadowing) hafa verið áberandi í vetur. Allnokkur hópur hefur komið frá Tékklandi en að auki kennarar frá Slóveníu, Póllandi, Finnlandi, Danmörku og Noregi. Þetta hefur allt gengið vel en þarf að móta stefnu og huga að hvernig slík heimsókn nýtist gestum sem best og komi vel út skipulagslega. Kennarar okkar héldu líka utan í sambærilegar heimsóknir en í tengslum við NGK námið heimsóttu Ármann Halldórsson og Martin Kolmar GUX í Sisimiut. Björn Jón Bragason kynnti sér lögfræðikennslu í Svíþjóð og Danmörku.

NÁMSKEIÐ FYRIR KENNARA

Verkefnastjóri tók á móti nokkuð stórum hópi frá English matters stofnuninni á Spáni en hún skipuleggur stór námskeið í borgum víða um Evrópu. Þetta gekk vel og mun samstarfið að líkindum festast í sessi. Verkefni með styrkjum til endurmenntunar kennara klárast haustið 2023 en eftir það verða slíkir styrkir hluti af stóra Erasmus+ styrknum.

NGK

NGK verkefnið er enn á fullum dampi. Fyrstu stúdentarnir útskrifuðust í júní 2022, og styttest í að næsti bekkur klári. Metfjöldi Íslendinga settist á skólabeck í Gribskov í haust og eru enn 9



Íslenskir nemendur á fyrsta ári. Bekkurinn sem kemur í Versló í janúar er lítil endað til kominn í miðjum faraldri. Starfið með hópnum hefur gengið vel og margt sem hefur lærst að skila sér, þó alltaf megi um bæta. Íslenskir nemendur í Danmörku og á Grænlandi fengu nokkuð veglega Erasmus-styrki og stendur von til að hægt verði að bjóða slíka styrkir áfram.

ALPJÓÐAHÓPUR

Gott er að mikilvægur þáttur í skólastarfinu eins og alþjóðastarfið sé í stöðugri endurskoðun og að sem flestir nemendur og kennarar fái tækifæri til að taka þátt. Stofnaður var hópur til að ræða og skiptast á skoðunum um alþjóðastarfið þennan vetur og hugmyndin að hann hittist öðru hvoru til að reifa málin. Helsta markmið hópsins er að setja niður stefnu og viðmiðanir varðandi starfið, t.d. varðandi val á nemendum í verkefnum, ábyrgð og skyldur kennara, möguleika á að tengja alþjóðastarf við nám o.s.frv.

Hópurinn skipa:

- Ármann Halldórsson, verkefnastjóri alþjóðaverkefna
- Berglind Helga Sigurþórsdóttir, námsráðgjafi
- Elín Guðmannsdóttir, raungreinakennari
- Elísabet Halldórsdóttir, viðskiptagreinakennari
- Hallur Örn Jónsson, félagsgreinakennari
- Hanna Lilja Jóhannsdóttir, félagsgreinakennari
- Kristín Dóra Ólafsdóttir, listgreinakennari
- Ólafur Tryggvi Brynjólfsson, viðskiptagreinakennari
- Óli Njáll Ingólfsson, félagsgreinakennari
- Sigrún Björk Friðriksdóttir, spænskukennari

BÓKASAFN

Á bókasafni skólans eru þrjú starfsmenn, bókasafnstjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og bókaforstjóri. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafnið veitir nútímalega, fjölbætta og persónulega þjónustu og styður við nám og kennslu við skólann. Þjónusta við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, útlánum, leiðbeiningum og kennslu við heimildaleit og

























heimildaskráningu og margs konar námsaðstoð. Notkun safnsins er mikil, sem er verulega ánægjulegt. Á árinu 2022 voru samtals 13.046 tölvuskráð útlán á safninu. Í júní 2022 hófst innleiðing á nýju bókasafnskerfi sem ber nafnið Alma. Alma er veflægt og nútímalegt bókasafnskerfi sem mun veita betri samþættingu við önnur kerfi eins og til dæmis Innu. Bókasafnsstjóri er Klara Hauksdóttir.













ÁRSREIKNINGUR













Rekstur skólans gekk vel árið 2022 en framlag ríkisins til skólans hélst þó ekki í hendur við launa- og verðlagshækkunar ársins. Rekstrarafkoma skólans jókst á milli ára þrátt fyrir þetta ósamræmi. Launaliður skólans er orðinn 95% af framlagi ríkisins og hefur það hlutfall aukist síðustu ár.














Nánari upplýsingar um fjármál skólans má sjá í reikningum hans.

Rekstrarreikningur ársins 2022			
	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlag Ríkissjóðs		1.637.061.190	1.624.758.960
Skólagjöld		283.194.753	265.808.092
Leigutekjur		342.000	280.000
Aðrar tekjur		23.089.441	16.135.294
		1.943.687.384	1.906.982.346
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	1.551.654.152	1.525.752.410
Húsaleiga	6	254.000.000	242.000.000
Rekstur húsnæðis		24.208.802	27.588.132
Viðhald og rekstur áhalda og búnaðar		26.038.073	29.843.462
Annar rekstrarkostnaður		59.376.427	54.627.769
Afskriftir	2	22.266.258	25.554.171
		1.937.543.712	1.905.365.944
Rekstrarafkoma		6.143.672	1.616.402

<p>04. októ. 2022 Quidditch mót Hó árið 2022 Quidditch mót Vestri var haldið í fyrsta árgangshúsinu milli skólanna. Ás átti þetta Magnús var höfð. Fyrir lokunina var mót á milli skólanna og Rosavégin var höfð. Þetta var fyrsta mót á milli skólanna.</p> 	<p>06. októ. 2022 Poppenning í Madrid Hjónin af nemendum íspanska vafslagna Poppenningu fóru til Madrid og vafslagna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>07. októ. 2022 Nemendur VI stóðu sig vel í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldskólanna Stærðfræðingur L. stóð sig vel í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldskólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>20. októ. 2022 Veittræklyfi Veittræklyfi Vesturhátíðar Íslands varfar daginn 20. október og er veittræklyfi þessu þessu. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 
<p>19. októ. 2022 Skólajórnunarvefki Þetta afbrotið var haldið þann 19. október milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>14. októ. 2022 Mibannarmat Í dag, föstudag klukkan 15:00, var haldið fyrsta mibannarmatið (MBA) í Reykjavík og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>14. októ. 2022 Bleiki dagurinn Stærðfræðingur L. stóð sig vel í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldskólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>19. októ. 2022 Nemendur og kennarar skelltu sér í bio Nemendur á þriðja ári náttúrufræðisinnings skelltu sér í bio og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 
<p>05. októ. 2022 Jón Gnarr í heimskón í ríðistartíma hjá 9-B Mikill skemmti og hálftíðni var haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>14. októ. 2022 Erasmus plús verkefni - DCE5 Hjónin af nemendum íspanska vafslagna Poppenningu fóru til Madrid og vafslagna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>10. októ. 2022 Nemendaförning í Gallerí FabLab Nemendur á fyrsta ári náttúrufræðisinnings skelltu sér í bio og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>11. októ. 2022 Nemendur fóru í Harry Potter ferð til London Í þessu skólafélaginu fóru 12 nemendur samt Árníni, Dóru, Lúðu og Sigríði á ferð til London. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 
<p>04. októ. 2022 VI sigraði MR í ræðukeppni á VI-MR dögnum Stærðfræðingur L. stóð sig vel í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldskólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>04. októ. 2022 Eldflaugvísindamenn framtíðar Nemendur á fyrsta ári náttúrufræðisinnings skelltu sér í bio og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>3. októ. 2022 Fórelldrákavöld Fórelldrákavöldin voru haldin milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>27. sep. 2022 Samtarfi við heilbrigðisvæðing Fyrir þessu hefur heilbrigðisvæðing haldið samtarfum milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 
<p>27. sep. 2022 Tveir nemendur frá Verzlunarskólanum fluttu erindi á ráðstefnunni "Veifir barna" Dagurinn 27. september sá til hálftíðni milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>02. októ. 2022 Nemendur á 1. ári tóku þátt í rannsókn á áhrifum ljóss á dögurssveiflar og sveif Nemendur á 1. ári náttúrufræðisinnings skelltu sér í bio og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>31. sep. 2022 Kennsla fellur niður eftir hádegis Kennsla fellur niður eftir hádegis og haldið milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>01. sep. 2022 Skólaráð Þetta ráðgjafaradagurinn var haldinn milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 
<p>14. sep. 2022 Geðfestin í heimskón Þetta er fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>01. sep. 2022 Edrúppotturinn Þetta er fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>06. sep. 2022 Nýnemahall Nýnemahallinn var haldinn milli allra nemenda á 1. ári í hálftíðni í sveigju á milli skólanna. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 	<p>08. apr. 2022 Sex fyrrverandi nemendur VI fengu styrk úr Afreks- og Hvattningartjóði skólans HI Á menningardögum skólans fengu sex fyrrverandi nemendur Vesturhátíðar Íslands styrk úr Afreks- og Hvattningartjóði skólans HI. Þetta var fyrsta ferðin til Madrid og vafslagna.</p> 

<p>24. ágú. 2022 Kynning fyrir forröðanenn nýnema Kynningarfundur fyrir forröðanenn nýnema var haldinn mánudaginn 24. ágúst klukkan 10:00 í Foskyljunnarsalinn.</p> <p>Á fundinum voru til staðar sýslumaðurinn, sýslingurinn, forröðanenn nýnema og stjórnendur skólans.</p> 	<p>22. ágú. 2022 Bókasafn VÍ Bókasafnið er opið og á fornu hæð skólans. Mjög gott vinnuástand er fyrir nemendur þar sem nemendur geta annars vegar valið sér vinnuáfangandi og hys vegar VÍ og VÍU.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>20. ágú. 2022 Skólaeining Verzlunarskólinn var settur í ný, áttu föstudaginn 19. ágúst. Skólaeiningin, Gullþyrpinga Svörtan, sem skólinn og stúdentarnir eru stundum kallaðir skólaeiningin. Ástundum er stúdentarnir kallaðir skólaeiningin.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>19. ágú. 2022 Útskrift 9. ágúst Föstudaginn 19. ágúst voru sex nemendur útskriftir með stálfloppum frá Verzlunarskóla Íslands. Stúdentarnir eru Ásta Ósk Tómasdóttir, Sigrún Lísa Gullþyrping, Þórunn Árnadóttir, Sigrún Lísa Gullþyrping, Þórunn Árnadóttir, Sigrún Lísa Gullþyrping.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 
<p>18. ágú. 2022 Bóksala VÍ Séla á bókasala og heftum sem eru á veitingu í bókasalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að. Þú getur fundið bókir og heftum sem eru á veitingu í bókasalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að.</p> 	<p>10. ágú. 2022 Upphaf skólaársins Verzlunarskólinn hóf skólaárið 2022 með góðum árangri. Verzlunarskólinn hóf skólaárið 2022 með góðum árangri. Verzlunarskólinn hóf skólaárið 2022 með góðum árangri.</p> 	<p>26. jún. 2022 Kveðja frá samstarfsfólki Þetta hefur Árnadóttir komast skólinn í ný þannig, jún. 26. eftir veitingu. Útskriftir eru frá dag 24. jún. Klukkan 10:00 frá Foskyljunnarsalinn. Þetta hefur Árnadóttir komast skólinn í ný þannig, jún. 26. eftir veitingu.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>20. jún. 2022 Cóðgerðaráð styrkti Barnaspítala Hringins á rúmlega 5 milljónum DfV, Códgerðaráð Verzlunarskólans Íslands, hefur lagt mikið gott af sér í þessu þingunni. Þrátt fyrir það hefur DfV að þessu sinni verið styrktur af DfV á rúmlega 5 milljónum. Þrátt fyrir það hefur DfV að þessu sinni verið styrktur af DfV á rúmlega 5 milljónum.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 
<p>28. jún. 2022 Fyrsta brautskráning NGK-bekkjara Fyrsta brautskráning NGK-bekkjara var haldin í Foskyljunnarsalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að. Þú getur fundið bókir og heftum sem eru á veitingu í bókasalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>27. jún. 2022 Lok innritunar 2022 Innritun Verzlunarskólans fyrir komandi skólaárið er lokin. Áskráningin var haldin í Foskyljunnarsalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að. Þú getur fundið bókir og heftum sem eru á veitingu í bókasalinn frá framtíðinni í dagnum. Verzlun, smellið þess er að komast á netinn að.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>14. jún. 2022 Sumarleyfi Nú þú ert að fara til sumarleyfis. Verzlunarskólinn er stundum kallaðir skólaeiningin. Ástundum er stúdentarnir kallaðir skólaeiningin.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>2. jún. 2022 Verzlunarskóli Íslands hlýtur Crenfianann í þriðja sinn Föstudaginn 2. jún. 2022 hlýtur Verzlunarskólinn Íslands Crenfianann í þriðja sinn. Verzlunarskólinn hlýtur Crenfianann í þriðja sinn. Verzlunarskólinn hlýtur Crenfianann í þriðja sinn.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 

<p>31. maí 2022 Brautskráning 2022 - myndir Til hamingju með daginn ykkar!</p> 	<p>30. maí 2022 Vorferð starfsmanna Skólinn lokar klukkan 13:00 í dag vegna vorferðar starfsmanna.</p> 	<p>28. maí 2022 Brautskráning 2022 Brautskráning stúdenta frá Verzlunarskólannum fór fram laugardaginn 28. maí við hátíðlega athöfn í hátíðarsal skólans. Skólinn var settur í hafið þar sem stúdentarnir myndu.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>27. maí 2022 Útskrift Föstudaginn 27. maí voru eftirlitir nemendur útskriftir frá Verzlunarskóla Íslands.</p> <table border="1"> <tr> <td>Arón Eður Einarsson</td> <td>Stúdentur</td> </tr> </table> 	Arón Eður Einarsson	Stúdentur
Arón Eður Einarsson	Stúdentur				
<p>27. maí 2022 Brautskráning stúdenta 2022 Brautskráning stúdenta fór fram í hátíðarsal Verzlunarskólans Íslands. Eins og undanfarnir ár verður athöfnin einnig beinu streymi á www.verlstudent.is.</p> 	<p>23. maí 2022 Endurtektaþróf - próftafla Smelltu hér til þess að sjá próftafla endurtektaþrófa í dagskóla.</p> 	<p>16. maí 2022 Annar lok Nú fer senn að ljá að annar lokum hjá okkur í Verzlunarskólann. Nemendur á 2. og 3. ári fóru í síðustu þrófinn sín á föstudaginn síðastliðinn og nemendur á 1. ári klára sín próf á morgun.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>12. maí 2022 Vinningshafar í edrúppotti Peysó Boðið er að draga úr hóp þeirra sem blestu og komust í pottinn á Peysó. Hér koma vinningshafarnir.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 		
<p>6. maí 2022 Brautskráning 28. maí Brautskráning stúdenta fór fram í hátíðarsal Verzlunarskólans þann 28. maí næstkomandi og hefst athöfnin klukkan 13:00. Reikna má með rúmlega tveimur tímum í formlega athöfn.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>5. maí 2022 Ólafur Ragnar ræddi loftslagsmál við NCK-nemendur Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, hefur fundur í norðna NCK-bekkinum í Græna sal milli vikudaginn 4. maí. Ólafur ræddi um mikilvægi Norðurlöða í barstunni við loftslagsbreytingar og um hlutverk Verzlunarskólans.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 	<p>1. maí 2022 Ný stjórn Nemendafélags Verzlunarskólans (NFVÍ) Á föstudaginn síðastliðinn fóru fram kosningar til stjórnar NFVÍ. Útslit urðu eftirfarandi: Forseti: Aron Aili Gunnarsson Félagsleið: Andrius Treimantas</p> 	<p>1. maí 2022 Peysufatadagur Þriðjudaginn 3. maí er peysufatadagur 2. árs nema. Dagurinn hefst á dagskrá í skólann en síðan fara nemendur í rotum að Hallgrímskirkju og þaðan ganga þau niður í golfstorg þar sem dansað.</p> <p>Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn, Foskyljunnarsalinn</p> 		

<p>1. febr. 2022 Parlaferill Daginn 01.02.2022 ferðir frá 20 minna nemendalögur með hrokka sem þetta tengir! Stærri tvíleitar ferðir eru til þess að tryggja þessu á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>28. febr. 2022 Umsóknir í NGK bekkinn Í löngu eða var haldin kynningarfundur á NGK bekkinn eða ferðir Adlentshöskólanum. Nemandur NGK bekkinn eða studenturinn í ferðir á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>14. febr. 2022 Blástursmeistarar og vinningshafar frá Árgangaballi 3. bekkjar 23. febrúar 2022 1. Blástursmeistarar í 5.000 - gullstíla ferðir á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>23. febr. 2022 Námsskygning Lingo - Háskólanám erlendis Lingó nemendur fara námsskygningu í Tímanum daginn 23. febrúar kl. 12.00 og 16.00. Á námsskygningu Lingo þetta tölur til að fá á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 
<p>25. febr. 2022 Starfræsi háskóladagurinn Starfræsi Háskóladagurinn verður haldinn 26. febrúar kl. 12-15. Á þessu háskóladagurinn ferðir til að tryggja á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>21. febr. 2022 Bókasafnið lokar fyrir í dag Bókasafnið lokar fyrir í dag mánudag vegna veðurs</p> 	<p>14. febr. 2022 Samstarf við KVAN Í hefur þú skilað samstarf við KVAN umfarir með ferðir þessu á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>6. febr. 2022 Kennsla fer fram á TEAMS vegna veðurviðvarana Vegna veðurviðvarana á morgun verður háskólanám stöðvað og öll kennsla mun fara fram á TEAMS samkvæmt stafræni um ferðir um ferðir og</p> 
<p>22. jan. 2022 Nemendadötinu frestað Í þessu nemendadötinu verður frestað vegna veðurs. Nemendadötinu verður að vera 22. jan. í hefur þú stafræni um ferðir um ferðir og</p> 	<p>16. jan. 2022 Stöðtímar í stærðfræði og eðlisfræði Verzlunarskólinn hefur frestað stöðtímar í stærðfræði og eðlisfræði vegna veðurs. Stöðtímar verða haldin 16. jan. í hefur þú stafræni um ferðir um ferðir og</p> 	<p>1. jan. 2022 Smásögusafnið Enderreisn D3 Á haustinu hefur nemandur í D3 lagðar á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>4. jan. 2022 Tilkynning um sóttkví eða einangrun Stöðvað er á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 
<p>4. jan. 2022 Bókafán Stöðvað er á milli af hálfu þessu ferðir um ferðir og</p> 	<p>5. jan. 2022 Kennsla hefst 5. janúar Kennsla hefst í stafræni um ferðir um ferðir og</p> 